

Ágæti viðtakandi.

Ég mótmæli þessum fyrirhuguðu lögum um að leyft verði að eyða fóstri í lok 22. viku meðgöngu. Þetta er hræðilegt.

Kona á ekki líkama sinn ein þegar lítið barn er þar með henni þar til það fæðist. Fóstrið (litli einstaklingurinn) á ekki annars úrkosta en að þroskast þar hjá henni fyrstu mánuði lífs síns og barnið það ekki um að vera þarna.

Það er hægt að hjálpa konum á margan hátt ef hún á erfitt með, eða getu ekki, séð barni sínu farborða annað en að deyða barnið.

Það vita allir að konur nota fóstureyðingu þó þær geti vel séð fyrir barninu eða komið því í öruggt skjól. Þær tala um það í allar áttir að þeim sé hreinlega boðin fóstureyðing ef þær barma sér aðeins.

Þó ef til vill aðrar þjóðir bjóði upp á fóstureyðingu seinna en við hér þá þurfu við ekki að apa það eftir. Mér finnst stundum eins og við séum hrædd um að það verði hlegið að okkur og gert grín, kölluð gamaldags OG hvað þá með það? Við þurfum ekki að hafa neina minnimáttarkennd. Verum sjálfstæð.

Jóhanna Long,  
190448-3719